

Fimmtudaginn 10. mars 1994.

Nr. 495/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Ágústi Sigurþóri Guðmundssyni

(Kristján Stefánsson hrl.) og

Guðbjarti Rögnvaldssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Þjófnaður. Skjalafals. Hylming.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærðu áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar til endurskoðunar á refsíákvörðun, en af hálfu ákærvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. desember 1993 til þyngingar á refsingu. Með yfirlýsingu 23. desember 1993 féll ákærði Ágúst Sigurþór frá áfrýjun. Ákærvaldið heldur hins vegar við áfrýjun, að því er hann varðar, en við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist það allt að einu staðfestingar á refsingu beggja ákærðu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði Guðbjartur greiði áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir. Með vísan til 1. mgr. 169. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að fella áfrýjunarkostnað vegna ákærða Ágústs Sigurþórs á ríkissjóð, eins og nánar er kveðið á um í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Guðbjartur Rögnvaldsson greiði saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur, svo og annan áfrýjunarkostnað sakarinnar að hálfu.

Að öðru leyti greiðist áfrýjunarkostnaður úr ríkissjóði, þar

með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Ágústs Sigurþórs Guðmundssonar fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefáns-sonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. október 1993.

Ár 1993, föstudaginn 15. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-439/1993: Ákærvaldið gegn Ágústi Sigurþóri Guðmundssyni og Guðbjarti Rögnvaldssyni, en málið var dómtekið 24. september sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 24. ágúst sl., á hendur „Ágústi Sigurþóri Guðmundssyni, Engihjalla 9, Kópavogi, fæddum 27. október 1967, fæðingarnúmer 577, og Guðbjarti Rögnvaldssyni, Barónsstíg 23, Reykjavík, fæddum 27. ágúst 1951, fæðingarnúmer 452, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík á tímabilinu frá október 1992 fram í júní 1993:

I. Ákærða Ágústi er gefið að sök:

A.

Að hafa miðvikudaginn 10. mars stolið 250 þýskum mörkum í íbúð í Suð-urhjalla 18. (RLR-mál nr. 1007/93.)

B.

Að kvöldi laugardagsins 13. mars 1993 í félagi við annan mann stolið seðlaveski með 3.000 krónum á veitingahúsinu Keisaranum. (RLR-mál nr. 1942/93.)

C.

Mánudaginn 7. júní 1993 brotist inn í verslunina Studio, Laugavegi 66, og stolið sjónvarpi, 2 vestum, belti og 5-6 jökkum. (RLR-mál nr. 2316/93.)

D.

Fimmtudaginn 24. júní stolið seðlaveski úr jakka á skrifstofu Úlfars Kristinssonar, kt. 300657-5249, Skúlatúni 2. (RLR-mál nr. 2575/93.)

Telst ofangreind háttsemi varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

E.

Miðvikudaginn 10. mars framvísað á Keflavíkurflugvelli greiðslukorti Sveins Antons Sveinssonar frá Visa nr. 4539 8600 0002 0791 og falsað þar nafn Sveins undir nótu nr. 7788035 fyrir andvirði kr. 4.500, sem ákærði lét skuldfæra á reikning Sveins hjá greiðslukortafyrirtækinu. (RLR-mál nr. 1007/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

F.

Mánudaginn 7. júní þegið hjá ákærða Guðbjarti 27.000 krónur af þýfi úr innbroti og þjófnaði ákærða Guðbjarts í söluturninum Candis samkvæmt ákærulið III.I, þrátt fyrir það að ákærða Ágústi Sigurþóri væri fullkunnugt um, hvernig ákærði Guðbjartur var að peningunum kominn. (RLR-mál nr. 2293/93.)

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

II. Ákærðu er báðum gefið að sök:

A.

Að hafa í maí brotist inn í þvottahús og geymslu hússins nr. 23 við Barónsstíg og stolið hjólsög, naglabyssu og handverkfærum, svo sem skrúfjárn-um, tögum og hömrum. (RLR-mál nr. 2306/93.)

B.

Í lok maí brotist inn í húsakynni Múrarafélags Reykjavíkur á 3. hæð hússins nr. 25 við Síðumúla, brotið upp hurðir og hirslur í leit að fjármun-um og stolið póstkassa, klukku, myndbandstæki og um 2.000 krónum. (RLR-mál nr. 2184/93.)

C.

Á síðastgreindum tíma brotist inn í verslunina Fótoval, Skipholti 50b, og stolið ljósmyndavélum og ljósmyndalínsum að verðmæti allt að um kr. 900.000. (RLR-mál nr. 2188/93.)

D.

Aðfaranótt þriðjudagsins 1. júní brotist inn í veitingastaðinn Gullborg, Laugavegi 78, Reykjavík, unnið þar spjöll við leit að fjármunum og stolið 6 vindlingalengjum, 2 reiknivélum, áfengi, bjór, kassa af te, símsvara, 4 sím-

tækjum, vindlakassa, 40 hljómdiskum, útvarpsmagnara, segulbandstæki og hljómdisksspilara. (RLR-mál nr. 224/93.)

E.

Aðfaranótt miðvikudagsins 2. júní brotist inn í verslunina Kjallarann, Laugavegi 67, stolið um 25.000 krónum og miklu magni af fatnaði og skartgripum og sólgleraugum samtals að verðmæti allt að kr. 500.000. (RLR-mál nr. 2222/93.)

F.

Aðfaranótt laugardagsins 12. júní brotist inn í húsið nr. 89 við Grettisgötu og stolið tölvu og 2 tölvuprenturum í húsakynnum Fóstrufélags Íslands og tölvu, tölvuprentara og ritvél í húsakynnum Ljósmeðrafélags Íslands. (RLR-mál nr. 2352/93.)

III. Ákærða Guðbjarti er gefið að sök:

A.

Að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 28. október brotist inn í sölurninn Völl, Austurstræti 8, brotið þar upp spilakassa og stolið úr honum kr. 27.630. (RLR-mál nr. 4093/93.)

B.

Aðfaranótt sunnudagsins 13. desember brotist inn í húsið nr. 8 við Austurstræti og stolið 27 kveikjurum, 13 vindlingapökkum, 9 bréfum af píputóbaki, 4 eyrnalökkum og 1.241 krónu í sölurninum Velli og verslunum Topp húsinu og Ísadóru. (RLR-mál nr. 4692/92.)

C.

Aðfaranótt fimmtudagsins 8. apríl reynt í þjófnaðarskyni að brjótast inn í sölurninn Barón, Laugavegi 86, í félagi við Aðalstein Aðalsteinsson, kt. 120265-4239, en lögreglumenn komu að þeim á vettvangi. (Mál nr. R-8049/93.)

D.

Aðfaranótt þriðjudagsins 25. maí brotist inn í Stjörnubíó og stolið myndbandstæki og símtæki. (RLR-mál nr. 2068/93.)

E.

Aðfaranótt föstudagsins 28. maí brotist inn í hárgreiðslustofuna Hödd, Grettisgötu 5, Reykjavík, og stolið símtæki, útvarpstæki, rafhárklippum, kömbum í hárklippur og myndavél. (RLR-mál nr. 2161/93.)

F.

Aðfaranótt laugardagsins 29. maí stolið tösku úr bifreiðinni R-39606 við Grettisgötu 67 en í töskunni voru 2 veiðihjól með flugulínunum, stök flugulína, 2 hnífar, 2 veiðihúfur, 5 flugubox með flugum og fiskirotari. (RLR-mál nr. 2169/93.)

G.

Aðfaranótt laugardagsins 5. júní brotist inn í húsið nr. 66 við Laugaveg og stolið um 5.000 krónum í snyrtivöruversluninni Brá og um 10.000 krónum í tískuvöruversluninni Studio. (RLR-mál nr. 2243/93.)

H.

Síðastgreinda nótt brotist inn í verslunina Björk, Bankastræti 6, og stolið töluverðu magni af barmmerkjum og kveikjurum. (RLR-mál nr. 2252/93.)

I.

Aðfaranótt mánudagsins 7. júní brotist inn í söluturninn Candis, Laugavegi 118, brotið þar upp spilakassa og stolið úr honum 158.100 krónum. (RLR-mál nr. 2293/93.)

J.

Aðfaranótt fimmtudagsins 10. júní brotist inn á skrifstofu Kvennalistans, Laugavegi 17, og stolið tölvu með lyklaborði, ritvél, símtæki og stimplum. (RLR-mál nr. 2331/93.)

K.

Aðfaranótt föstudagsins 18. júní brotist inn í rakarastofu í Stórholti 1 og stolið 2-3 flöskum af rakspíra, hárskurðarvél, greiðslukortanótum að verðmæti um kr. 30.000 og um 3.000 krónum í reiðufé. (RLR-mál nr. 2450/93.)

Telst háttsemi í II. kafla ákæru og liðum III.A – K varða við 244. gr. almennra hegningarlaga og í ákærulið III.C jafnframt sbr. 20. gr. sömu laga.

L.

Í lok maí notað í viðskiptum eftirgreinda 2 tékka, sem hann dagsetti 31.5. 1993 og falsaði á eyðublöð úr tékkhefti frá Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands. Tékkarnir eru með stimplinum „Veitingahúsið Gullborg hf.“ í útgáfureit tékkanna:

- 1) Nr. 1894348, kr. 3.500, með útgefandanafnrituninni Björg Sigur. . . . Seldur í sölurninum Barón, Barónsstíg.
- 2) Nr. 1894350, kr. 4.500, með útgefandanafnrituninni Ásta Baldursdóttir. Seldur á Bifreiðastöð Íslands við Vatnsmýrarveg. (RLR-mál nr. 2184/93.)

M.

Pann 17. júní framvísað á eftirgreindum stöðum greiðslukorti Gunnars H. Haukssonar frá Kreditkortum hf., nr. 5414 8301 0495 8102 og falsað þar nafn Gunnars undir nótur fyrir úttekt á vörum, sem hann lét skuldfæra á viðkomandi reikning Gunnars hjá greiðslukortafyrirtækinu:

- 1) Hjá Nýmynd hf., Skipholti 9, nótu nr. 2840431 fyrir andvirði kr. 1.300.
- 2) Í verslun við Skólavörðustíg 42 nótu nr. 4947266 fyrir andvirði kr. 2.833.
- 3) Í sölurni Grettisgötu 64 nótu nr. 2983293 fyrir andvirði kr. 9.770.
- 4) Í sölurninum Aðalhorninu, Barónsstíg 27, nótu nr. 4318525 fyrir andvirði kr. 4.880. (RLR-mál nr. 2404/93.)

Telst háttsemin samkvæmt ákæruliðum III.L og III.M varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu krefjast eftirgreindir skaðabóta auka vaxta:

— — —

Ákærvaldið hefur fallið frá ákæru á hendur ákærða Ágústi Sigurþóri í ákærulið II. A. Þá hefur verið fallið frá ákæru á hendur báðum ákærðu að því er lýtur að ritvél, sem getið er um í ákærulið II. F og ákærulið III. C á hendur ákærða Guðbjarti.

— — —

Niðurstöður.

I A – F.

Dómurinn telur sannað með skýlausri játningu ákærða Ágústs, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að hann hafi framið alla þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í I. kafla ákæru, utan ekki er sannað þrátt fyrir framburð ákærða, að hann hafi tekið við hærri fjárhæð en kr. 17.000 samkvæmt ákærulið I F, en ákærði Guðbjartur hefur ekki viðurkennt að hafa stolið hærri fjárhæð en þeirri í innbroti því sem um getur í ákærulið III I.

Brot ákærða í þessum kafla ákæru eru rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæruskjali.

II A.

Sannað er með framburði ákærða Guðbjarts, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að hann hefur framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, en svo sem rakið var hefur ákæruvaldið fallið frá þessum ákærulið á hendur ákærða Ágústi.

II B.

Sannað er með skýlausri játningu beggja ákærðu, að þeir hafa framið háttsemi þá, sem hér er ákært út af.

II C.

Svo sem rakið var, hefur ákærði Ágúst lýst þennan ákærulið réttan.

Ákærði Guðbjartur hefur greint frá því, að hann hafi talið verðmæti muna, sem stolið var úr versluninni Fótóval, ekki hafa numið hærri fjárhæð en kr. 100 þúsund, þrátt fyrir það að munum að verðmæti um 270 þúsund krónur hafi verið skilað. Ákærði Guðbjartur kvað ákærðu hafa látið greipar sópa algjörlega af handahófi inni í versluninni. Ákærði Ágúst kvað talsverðu magni af ljósmyndavélum, linsum og öðrum tækjum hafa verið stolið í innbroti þessu.

Meðal gagna málsins er listi frá Fótóvali, þar sem taldir eru upp munir þeir, sem stolið var í innbroti því, sem hér er ákært út af, og er kostnaðarverð hlutanna sagt vera kr. 904.239.

Dómurinn telur sannað með framburði beggja ákærðu, að þeir hafi framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, og með framburði ákærða Ágústs, sem studdur er af öðrum gögnum málsins, telur dómurinn sannað, að verðmæti hinna stolnu muna hafi verið það sem í ákæru greinir, en svo sem rakið var, hafa ákærðu ekki gert sér nákvæma grein fyrir þýfinu, enda létu þeir

greipar sópa algjörlega af handahófi, svo sem ákærði Guðbjartur bar fyrir dóminum.

II D.

Dómurinn telur sannað með framburði beggja ákærðu hjá lögreglu og fyrir dómi, að þeir hafi framið þá háttsemi, er hér er ákært út af, utan að ekki er sannað að ákærðu hafi stolið 6 vindlingalengjum, símsvara, 4 sím-tækjum, vindlakassa og útvarpsmagnara og eru báðir ákærðu því sýknaðir af þeim þætti þessa ákæruliðar.

II E.

Ákærði Ágúst bar hjá lögreglu að hann teldi bótakröfu frá versluninni Kjallaranum 90 til 100 þúsund krónum of háa, en bótakrafan er að fjárhæð kr. 421.420, eftir að munum að verðmæti kr. 103.980 hafi verið skilað.

Fyrir dómi kvað ákærði Ágúst megnið af þýfinu hafa komist til skila, en viðurkenndi að hafa stolið munum þeim, sem ákært er út af, í samvinnu við meðákærða, en mundi ekki eftir því að stolið hefði verið kr. 25.000.

Ákærði Guðbjartur gerði ekki athugasemd við bótakröfu verslunarinnar Kjallarans, er krafan var borin undir hann hjá lögreglu, en hér fyrir dómi taldi ákærði Guðbjartur lista frá versluninni yfir þýfið allt of háan, en þýfið hafi komist fyrir í einum innkaupapoka.

Dómurinn telur með framburði beggja ákærðu sannað, að ákærðu hafi brotist inn, svo sem ákært er út af, og stolið allt að kr. 5.000. Þá telur dómurinn sannað með framburði ákærða Ágústs, sem fær að mestu leyti stuðning af framburði ákærða Guðbjarts og öðrum gögnum málsins, að ákærðu hafi í þessu innbroti stolið munum að verðmæti allt að kr. 500 þúsundum.

II F.

Sannað er með framburði beggja ákærðu, að þeir hafa framið þá háttsemi, er hér er ákært út af, en svo sem rakið var hefur ákæruvaldið fallið frá því að ákæra vegna ritvélarinnar, sem getið er um í þessum ákærulið.

Brot ákærðu í þessum kafla ákæru eru rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæruskjali.

III A.

Sannað er með framburði ákærða sem studdur er öðrum gögnum málsins, að hann hefur framið þessa háttsemi.

III B.

Svo sem rakið var hér að framan reyndist ákærði við handtöku aðfaranótt 13. desember sl. hafa í fórum sínum muni þá, sem hann er hér ákærður fyrir að hafa stolið. Ákærði hefur viðurkennt að hafa stolið sumum þeirra muna, sem í ákæru greinir. Dómurinn telur hins vegar með vísan til ofanritaðs og gagna málsins að öðru leyti sannað, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af.

III C.

Svo sem rakið var hefur verið fallið frá þessum ákærulið.

III D.

Sannað er með framburði ákærða, að hann hefur framið þessa háttsemi.

III E.

Sannað er með framburði ákærða, að hann hefur framið þessa háttsemi, utan að ákærði er sýknaður af því að hafa stolið símtæki, útvarpstæki og myndavél.

III F og G.

Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið háttsemi þá, sem ákært er út af í þessum ákæruliðum.

III H.

Sannað er með framburði ákærða, að hann hefur framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, og stolið töluverðu magni af þar til greindum munum, en hinn 31. ágúst sl. lagði lögreglan hald á 92 kveikjara og 112 barmmerki, en ákærði hafði borið, að 20 til 30 kveikjurum og álíka magni af barmmerkjum, hefði verið stolið í þessu innbroti.

III I.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, en gegn neitun ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi er ekki sannað að hann hafi stolið hærri fjárhæð en kr. 17 þúsundum.

III J og K.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið háttsemi þá, sem hér er ákært út af, utan að ákærði er sýknaður af því að hafa stolið hárskurðarvél og greiðslukortanótum að verðmæti kr. 30 þúsund, svo sem ákært er út af í ákærulið III K.

III L.

Ákærði hefur borið að hann hafi fengið þessa tékka í hendur frá með-ákærða Ágústi og ekki vitað af því, að þeir voru falsaðir. Ákærði hefur aldrei viðurkennt að hafa falsað þessa tékka svo sem ákært er út af, og er ákærði sýknaður af þeirri háttsemi.

III. M.

Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þessa háttsemi.

Brot ákærða í þessum ákærukafla eru rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæruskjali.

Ákærði Ágúst hefur frá árinu 1990 hlotið 4 refsíðóma fyrir umferðarlagabrot, skjalafals og þjófnaði. Í júní 1992 hlaut ákærði Ágúst 30 daga skil-orðsbundið fangelsi í 3 ár fyrir skjalafals. Í mars á þessu ári hlaut ákærði Ágúst 2ja mánaða fangelsi fyrir þjófnað og í maí á þessu ári 2ja mánaða fangelsi fyrir þjófnað og skjalafals. Ákærði Ágúst hlaut í maí á þessu ári reynslulausn í 1 ár á eftirstöðvum refsingar, samtals 60 dögum, en hinn 9. ágúst sl. hóf ákærði Ágúst afplánun eftirstöðva refsingarinnar. Refsing ákærða Ágústs er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Guðbjartur hlaut í janúar á þessu ári 60 daga fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir skjalafals og fjársvik og í mars á þessu ári hlaut ákærði Guðbjartur dóm, 80 þúsund króna sekt fyrir brot gegn umferðarlögum. Ákærði Guðbjartur hefur með brotum þeim, sem hann er nú sakfelldur fyrir, rofið skilorð dóms frá 21. janúar sl., er hann hlaut 60 daga fangelsi skilorðsbundið í 2 ár og er sá dómur nú tekinn upp og dæmdur með máli þessu og ákærða Guðbjarti dæmd refsing eftir reglum 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu brutust saman inn á 5 stöðum. Þá braust ákærði Guðbjartur inn einn á 10 stöðum. Ákærði Guðbjartur er því dæmdur fyrir 15 innbrotsþjófnaði auk skjalafalsbrota. Ákærði Ágúst er dæmdur fyrir 6 innbrot, 3 önnur þjófnaðarbrot, skjalafals og hylmingu. Ákærðu stálu miklum verðmætum, svo sem rakið hefur verið, og nemur andlag þjófnaðarbrotanna milljónum króna. Brot beggja ákærðu eru því stórfelld svo sem rakið hefur verið.

Refsing ákærða Ágústs þykir með vísan til alls ofanritaðs hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í 15 mánuði og skal 10 daga gæsluvarðhald ákærða koma til frádráttar refsivistinni.

Refsing ákærða Guðbjarts þykir með vísan til alls ofanritaðs hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í 2 ár og skal 8 daga gæsluvarðhald hans koma til frádráttar refsivistinni.

Vegna frádráttar gæsluvarðhaldsins vísast varðandi báða ákærðu til 76. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Svo sem rakið var, hafa ákærðu að mestu leyti játað háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru.

Ákærðu greiði óskipt kr. 30.000 í saksóknarlaun sem renni í ríkissjóð.

Ákærði Ágúst Sigurþór greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000 í málsvarnarlaun og ákærði Guðbjartur greiði verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, kr. 40.000 í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði Ágúst Sigurþór Guðmundsson sæti fangelsi í 15 mánuði, en til frádráttar refsivistinni komi 10 daga gæsluvarðhald ákærða Ágústs.

Ákærði Guðbjartur Rögnvaldsson sæti fangelsi í 2 ár, en til frádráttar refsivistinni komi 8 daga gæsluvarðhald ákærða Guðbjarts.

Ákærðu greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur óskipt:

Ljósmaðrafélagi Íslands kr. 217.000.

Rauða krossi Íslands kr. 17.000.

Ákærði Guðbjartur greiði eftirtöldum skaðabætur:

Tímaritinu Veru kr. 110.000.

Kreditkortum hf. kr. 12.603.

Ákærðu greiði óskipt kr. 30.000 í saksóknarlaun sem renni í ríkissjóð.

Ákærði Ágúst greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði Guðbjartur greiði verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, kr. 40.000 í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt.